
Fornleifaskráning við Landveg, Rangárþingi ytra



Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Brynja Árnadóttir

FS1041-25151

Fornleifastofnun Íslands

2025



Forsíðumynd er af vörðu RA-683:040_5, horft til suðurs.

Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3446

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Skráningin var unnin að beiðni Landvirkjunar og Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðra endurbóta á Landvegi í Rangárþingi ytra. Úttektarsvæðið var 13 km að lengd og 100 m breitt, 50 m til beggja átta frá miðlínu vegarins. Samanlagt voru skráðar 12 fornleifar, ein leið og 11 vörður innan og nærri úttektarsvæðinu. Allar tilheyra þær Landvegi RA-683:040 sem var gerður á fyrri hluta 20. aldar.

Af þeim 12 fornleifum sem skráðar voru töldust átta þeirra í mikilli hættu vegna framkvæmdarinnar en flestum er hægt að forða frá raski.

Efnisorð: Fornleifaskráning, vegagerð, Landvegur, Vegagerðin, Landsvirkjun

Summary

The survey was carried out at the request of Landsvirkjun and the Icelandic Road and Coastal Administration due to planned improvements to Landvegur in Rangárþing ytra municipality. The survey area was 13 km long and 100 m wide, extending 50 m on each side from the centre of the road. A total of 12 archaeological sites were recorded: one path and 11 cairns within and near the survey area. All of them belong to Landvegur RA-683:040, which was built in the first half of the 20th century.

In total, 12 archaeological sites were surveyed within the area; eight of them are at high risk due to the construction, but most of them can be preserved from disturbance.


Keywords: archaeological survey, road construction, Landvegur, Landsvirkjun, IRCA

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
RA-683 Landmannaafréttur/Glæður	13
5. Niðurstöður	17
Heimildir	19
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	20
Viðauki II: Minjakort	21

1. Inngangur

Landsvirkjun, í samstarfi við Vegagerðina, áformar að gera endurbætur á Landvegi í Rangárþingi Ytra, frá afleggjara að veginum að Áfangagili að vegamótum við Þjórsárdalsveg og Sprengisandsleið. Núverandi vegur er malarvegur, ástand hans er almennt slæmt og brýn þörf á að byggja hann upp og leggja bundið slitlag. Framkvæmdin miðar að bættum vegasamgöngum sem og greiðari aðkomu að aflstöðum á hálendinu. Í umsögn Minjastofnunar Íslands¹ er þess krafist að allar sýnilegar minjar innan áhrifasvæðis framkvæmdanna verði mældar upp og færðar á kortagrunn.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af úttektarsvæðinu. á innfelldu korti er staðsetningin sýnd á korti. ©Landmælingar Íslands, Loftmyndir ehf, FSÍ

Tvær fornleifaskráningar hafa þegar farið fram á þessu svæði. Afréttur Holtamanna var aðalskráður árið 2015 en skýrslan er enn óútgefin.² Í þeirri skráningu voru þrjár vörður staðsettar nærri úttektarsvæðinu. Syðri hluti úttektarsvæðisins var ennfremur skráður í

¹ MÍ202504-0160/6.07./Þ.H.

² Kristborg Þórsdóttir, í vinnslu.

tengslum við Vaðölduver árið 2015.³ Tvær vörður voru skráðar nærri veginum í þeirri skráningu, ein þeirra var líka skráð í fyrirnefndri aðalskráningu. Í hvorugri skráningu voru minjar mældar upp eins og Minjastofnun gerir nú kröfu um.

Vettvangsskráningin fór fram í byrjun júní 2025. Úttektarsvæðið var alls 13 km að lengd, 100 m á breidd og náði 50 m til beggja átta út frá miðlínu Landvegar. Við skráninguna var farið skipulega yfir úttektarsvæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Allar minjar innan úttektarsvæðisins voru skráðar en minjar sem voru innan við 15 m frá jaðri úttektarsvæðisins þar sem helgunarsvæði fornminja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra.⁴ Samtals voru skráðar 12 fornleifar innan og nærri úttektarsvæðinu.

Um vettvangsvinnu sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Brynja Árnadóttir, fornleifafræðingar. Ragnheiður sá ennfremur um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjum nema annað sé tekið fram en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar.

3 Bjarni F. Einarsson 2015.

4 Ef um friðlýstar fornleifar er að ræða er helgunarsvæði stærra, eða 100 m. Engar friðlýstar minjar voru innan úttektarsvæðisins.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skurðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðanna. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF-175:009

Sveinshlaða

tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppgræfning/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stæðir að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

RA-683 Landmannaafréttur/Glæður

„Afrétt á jörðin sem aðrar í Landamannahrepp, sem af flestum búendum á Landi er halinn fyrir framan Túná, og nú kallast Landmanna afrjettur eða Glæður. Þó hafa bændur í Holtamannahreppi brúkað hann til fjelags með Landamönnum og Landmenn í sama máta Holtmanna afrjett (so kallaðan) fyrir norðan eða innan Túná og vita menn ekki fyrir vísit, hver afrjettur hverri sveit með rjettu framar tilheyrir.” JÁM I, 281. Landmannaafréttur nær frá norðurhlíðum Heklu, um há-Torfajökul að Kirkjufellsvatni og ós, er úr því fellur í Tungnaá. Landmenn eiga einnig afrétt norðan við Tungnaá í Veðivötnum (RA-684) en Tungnaá ræður merkjum við afrétti Holtmanna. „Álitið hefur verið, að Landmannaafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtmannaafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtmannaafrétt. Hvenær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafrétt en Áshreppingar á Holtmannaafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna.” GR I, 257

„Um ferjustaði og vöð á Tungnaá sjá nyrðri afréttina - Holtmannaafrétt, Þóristungur og Veðivötn.- Lambafit - stór grasflöt sem var með fram Helliskvísl, sem Lambafitjähraun frá 1913 dregur nafn sitt af, rann það yfir fitina og haldi með öllu. Hafði það verið síður Landmanna að sleppa þar fráferulömbum á vorin, er þau voru rekin á fjall“ HB Sumar, 75-76

RA-683:040_1 heimild um leið

A 464458 N 400586

Á Uppdrætti Íslands frá 1944 sést vegur liggja til norðurs, austan við Þjórsá. Leiðin liggur frá Rangárbotnum, að ferjustaðnum Haldi RA-673:004 á Tungnaá, alls um 18 km. Þessi vegur sést ekki á herforingjaráðskortum frá 1908 og því gerður á árunum á milli þess sem kortin eru gerð. Stór hluti þessa vegar en enn í notkun og kallast Landvegur. Ekki er ljóst hversu gamall vegurinn er, hann nýtur vafans og talin til fornleifa í skrá þessari. Við leiðina voru skráðar 11 vörður árið 2025.

Uppblásið hraun og vikur eru meðfram veginum. Suðurhluti leiðarinnar er malbikaður en til norðurs er enn malarvegur.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Uppdráttur Íslands 1:100000



Mynd 3: Landvegur RA-683:040_1, horft til suðurs.

RA-683:04_2 varða samgöngubót

A 473035 N 405139

Vörðubrot 02 er um 1,7 km suðvestan við gatnamót Landvegur og Sprengisandsleiðar og 13 m austan við vörðu 03. Varðan líkist fremur grjóthrúgu en hlaðinni vörðu. Hún er hlaðin úr mosagrónu hraungrýti en ekki er hægt að telja umför af grjóti vegna hrunsins. Hún er aðeins um 0,3 m á hæð og um 1 m í

þvermál.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda



Mynd 4: Varða RA-683:040_2, horft til ANA.



Mynd 5: Varða RA-683:040_3, horft til VSV

RA-683:04_3 varða samgöngubót

A 473022 N 405136

Varða 03 er um 13 m vestan við vörðu 02 og rúnum 40 m norðan við Landveg. Hún er hlaðin úr hraungrýti en hluti hennar hefur líklega fallið og sést grjót liggja meðfram henni. Varðan er um 1 m í þvermál, 0,3 m á hæð og 2-3 umför af grjóthleðslu sjást.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

RA-683:04_4 varða samgöngubót

A 472654 N 405053

Varða 04 er tæpum 380 m vestan við vörðu 03 og tæpum 110 m NNV við Landveg. Hún er á sendnum hraunhól, innan um kletta. Varðan er um 1,3 m á hæð, stríðulaga og hlaðin úr 3-4 umförum af hraungrýti. Alls er varðan því um 1,5 m á hæð.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta



Mynd 6: Varða RA-683:040_4, horft til suðurs.



Mynd 7: Varða RA-683:040_5, horft til norðvesturs.

RA-683:04_5 varða samgöngubót

A 463902 N 399573

Varða 05 er um 125 m austan við Landveg og tæpum 500 m norðan við Landmannaleið. Í skýrslunni *Búfellslundur. Vindmyllur í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi* segir: „Nánast hringlaga botn og hlaðin upp í spíss og úr hraungrjóti. Botn um 1,2 m í þvermál og hæð vörðunnar er um 1,9 m. A sunnanverðu niður við botn er úrtak eins og um hirslu sé að ræða (ljós?).“ Alls má sjá greina sjö umför af grjóthleðslu í vörðunni. Litlu er annars við þessa lýsingu að bæta.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 10

RA-683:04_6 varða samgöngubót

A 464244 N 400218

Varða 06 er um 730 m norðan við vörðu 05 og 50 m austan við Landveg. Í skýrslunni *Búfellslundur. Vindmyllur í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi* segir: „Um 50 m suður af malarvegi og austast á hraunhól. Mannvirkið er 0,7 x 1,2 m stórt (NA - SV) og 1,1 m hátt. Er það úr hraungrjóti og er undirstaðan þrír mjög stórir steinar. Mannvirkið virðist ungt. Varðan er á lágum hraunhól og hlaðin úr fremur stóru grjóti, það má sjá tvö umför af hraungrýti í henni.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 12



Mynd 8: Varða RA-683:040_6, horft til austurs.



Mynd 9: Varða RA-683:040_7, horft til austurs.

RA-683:040_7 varða samgöngubót

A 468172 N 403108

Varða 07 er tæpum 10 m SSA við Landveg og um 500 m VSV við vörðu 09. Hún er hlaðin á jarðlægan stein, 2-1,5 m að stærð (A-V) og um 0,5 m á hæð. Það má greina 3-5 umför af hraungrýti í henni. Varðan er hæst til suðurs.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

RA-683:040_8 varða samgöngubót

A 468696 N 403280

Varða 08 er um 45 m SSA við Landveg og 60 m suðaustan við vörðu 09. Varðan er 2,4x1,4 m að stærð (NNA-SSV) og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin uppi á sandhól, hann er um 3 m á hæð og varðan sést því víða að. Það má sjá 5-8 umför af hraungrýti í henni.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda



Mynd 10: Varða RA-683:040_8, horft til norðausturs.



Mynd 11: Varða RA-683:040_9, horft til norðvesturs.

RA-683:040_9 varða samgöngubót

A 468634 N 403284

Varða 09 er tæpum 20 m sunnan við Landveg og 60 m VNV við vörðu 08. Hún er hlaðin á milli tveggja hraunsteina og má sjá þrjú umför af grjóti í henni. Frekar er um hrúgu en vel hlaðna vörðu að ræða. Varðan er 0,3 m á hæð og um 1 m í þvermál.

Langvarandi hættumat: engin hætt

Tímabundið hættumat: mikil hætt, vegna framkvæmda



RA-683:040_10 varða samgöngubót

A 470737 N 404090

Varða 10 er 2,1 km norðaustan við vörðu 09 og 60 m SSA við Landveg. Hún er hlaðin á lágum hraunhól, er 0,7 m á hæð og 1 m í þvermál en hóllinn er um 0,5 m á hæð. Varðan er strítulaga og má sjá 5-6 umför af hraungrýti í henni. Varðan er fremur gisin og hvert umfar samanstendur af 1-2 steinum.

Langvarandi hættumat: engin hætt

Tímabundið hættumat: engin hætt

Mynd 12: Varða RA-683:040_10, hoft til suðurs.

RA-683:040_11 varða samgöngubót

A 469226 N 403693

Varða 11 er rúmum 1,5 km vestan við vörðu 10 og 120 m norðan við Landveg. Varðan er hlaðin á lágum hraunhól, er 1 m á hæð og það má greina 3 umför af grjóti í henni.

Langvarandi hættumat: engin hætt

Tímabundið hættumat: engin hætt

RA-683:040_12 varða samgöngubót

A 465672 N 402372

Varða 12 er um 240 m norðan við Landveg 3,8 km suðvestan við vörðu 11. Varðan er stæðileg og sést víða að. Hún er um 1,5 m á hæð og 1 m í þvermál.

Langvarandi hættumat: engin hætt

Tímabundið hættumat: engin hætt

5. Niðurstöður

Skráningin var unnin að beiðni Landvirkjunar og Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðra endurbóta á Landvegi í Rangárþingi ytra. Úttektarsvæðið var 13 km að lengd og 100 m breitt, 50 m til beggja átta frá miðlínu vegarins. Samanlagt voru skráðar 12 fornleifar, ein leið og 11 vörður innan og nærri úttektarsvæðinu. Allar tilheyra þær Landvegi RA-683:040 sem var gerður á fyrri hluta 20. aldar.

Úttektarsvæðið tilheyrir Landmannafrétti og einkennist af sendnu hrauni og sléttum vikurbreiðum. Þekkar minjar á Landmannafrétti eru flestar mun austar, við Fjallabaksleið, í Landmannalaugum og Veiðivötnum, og ljóst að lítil umsvif voru á þessum hluta afréttarins fram eftir öldum. Það má segja að bættar samgöngur og tilkoma aflstöðvanna sé ein helsta ástæða þess að umferð eykst um þennan hluta afréttarins.



Mynd 13: Á myndinni er horft til suðurs, innan úttektarsvæðis. Sandur, vikur og hraunhólar eru áberandi innan þess alls.

Samanlagt voru átta fornleifar skráðar innan úttektarsvæðis og fjórar skammt utan þess. Yfirborðsummerki um leið RA-683:004_01 eru horfin af yfirborði. Vegbætur hafa orðið á Landvegi í gegnum tíðina og þar er nú uppbyggður malarvegur. Við þær framkvæmdir hefur elsta útgáfa leiðarinnar vikið. Vörður 02-11 eru enn varðveittar og sjást vel frá Landvegi. Einhverjar þeirra hafa eflaust varðað veginn meðan aðrar eru gerðar af ferðamönnum í gegnum tíðina. Ekki reyndist unnt að skilja á milli þeirra.

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Gert var sérstakt mat á þeirri hættu sem að þeim steðjaði vegna framkvæmdanna, svokallað tímabundið hættumat og töldust sjö þeirra í mikilli hættu en fimm í engri hættu. Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat)

og birtist það í fornleifaskrá (kafli 4). Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfyrstíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	minj_id	Tímabundin hætta
RA-683:040_1	Landvegur	heimild	leið	3446_12	mikil hætta
RA-683:040_2		varða	samgöngubót	3446_1	mikil hætta
RA-683:040_3		varða	samgöngubót	3446_2	mikil hætta
RA-683:040_4		varða	samgöngubót	3446_3	engin hætta
RA-683:040_5		varða	samgöngubót	3446_4	engin hætta
RA-683:040_6		varða	samgöngubót	3446_5	mikil hætta
RA-683:040_7		varða	samgöngubót	3446_6	mikil hætta
RA-683:040_8		varða	samgöngubót	3446_7	mikil hætta
RA-683:040_9		varða	samgöngubót	3446_8	mikil hætta
RA-683:040_10		varða	samgöngubót	3446_9	engin hætta
RA-683:040_11		varða	samgöngubót	3446_10	engin hætta
RA-683:040_12		varða	samgöngubót	3446_11	engin hætta

Tafla 1: Allar skráðar fornleifar innan úttektarsvæðis.

Lanvegur RA-683:040_1 er á sama stað og núverandi vegur. Engin ummerki um eldri útgáfu leiðarinnar eru varðveitt innan úttektarsvæðis. Vörður RA-683:040_02-03 og 06-09 eru allar innan úttektarsvæðis. Allar eru þær úr grjóti, fremur illa hlaðnar og ekki mjög fornar. Vörður 02 og 03 eru tæpum 50 m norðan við Landveg og þær einu sem lenda innan úttektarsvæðis þeim megin vegar. Afar ólíklegt er að þeim verði raskað við framkvæmdina. Sunnan við Landveg eru vörður 06-10 innan úttektarsvæðis en flestum þeirra er hægt að forða frá raski. Vörður 07 og 09 munu þó alltaf verða fyrir áhrifum vegna nálægðar við fyrirhugaðar framkvæmdir og mun Minjastofnun Íslands úrskurða hvort mótvægisáðgerða sé þörf.

Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. 2015. *Búfellslundur. Vindmyllur í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fornleifaskráning. 2015.* Reykjavík, Fornleifafræðistofan.

GR: Bragi Sigurjónsson. 1983. *Göngur og réttir. Skaftafells- og Rangárvallasýsla I.* Akureyri, Bókaútgáfan Skjaldborg.

HB sumar: Hjörtur Björnsson. 1943. *Sumar á fjöllum.* Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

Hkort: Dönsku herforingjaráðskortin. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla. 1913-1917.* Kaupmannahöfn.

Uppdráttur Íslands: Uppdráttur Íslands. 1921-1934. Landsbókasafn Íslands.

Óútgefnar heimildir:

Umsögn Minjastofnunar Íslands. MÍ202504-0160/6.07./Þ.H.

Kristborg Þórsdóttir. Í vinnslu. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla V.*

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	minj_id	X (A)	Y (N)
RA-683:040_1	3446_12	464460	400586
RA-683:040_2	3446_1	473035	405139
RA-683:040_3	3446_2	473022	405136
RA-683:040_4	3446_3	472654	405053
RA-683:040_5	3446_4	463902	399573
RA-683:040_6	3446_5	464244	400218
RA-683:040_7	3446_6	468172	403108
RA-683:040_8	3446_7	468696	403280
RA-683:040_9	3446_8	468634	403284
RA-683:040_10	3446_9	470737	404090
RA-683:040_11	3446_10	469226	403693
RA-683:040_12	3446_11	465672	402372

Viðauki II: Minjakort

